

Ákærði, Óli Pétur Lúðvíksson, greiði sekt kr. 3.000,00 til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins en ella komi varðhald í 3 daga.

Ævilöng ökuleyfissvipting ákærða Trausta Aðalsteins Kristjánssonar skal haldast.

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, greiði skaðabætur kr. 5.730 til Kaupfélags Ísfirðinga og kr. 6.000,00 til trésmíðaverkstæðis Daníels Kristjánssonar.

Ákærði, Trausti Aðalsteinn Kristjánsson, greiði sakarkostnað, þ.m.t. réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hrl., kr. 30.000,00 en þar af greiðast kr. 7.000,00 úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1986.

Nr. 228/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Hilmari Þóri Ólafssyni

(Örn Clausen hrl.)

Tilraun til manndráps.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var með stefnu 10. október 1985 áfrýjað af hálfu ákærvaldsins samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. nr. 74/1974 og er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 5. desember 1985.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. apríl 1985 til frádráttar refsingu hans, en frá þeim degi hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi óslitið.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhald ákærða, Hilmars Þóris Ólafssonar, óslitið frá 19. apríl 1985 komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. september 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 512/1985: Ákærvaldið gegn Hilmari Þóri Ólafssyni, sem dómtekið var 13. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. júlí 1985, á hendur ákærða, Hilmari Þóri Ólafssyni sjómanni, til lögheimilis að Miðgarði 6 á Egilsstöðum, fæddum 17. apríl 1966 í Neskaupstað, „fyrir tilraun til manndráps en *til vara* fyrir stórfellda líkamsárás, með því að hafa, laust eftir miðnætti, laugardagsins 13. apríl 1985, án nokkurs tilefnis, veist að Kolbeini Jóni Blandon Einarssyni, Hringbraut 94, Reykjavík, þar sem þeir voru staddir fyrir utan skemmtistaðinn Traffic að Laugavegi 116, Reykjavík, og stungið af afli hníf í kvið Kolbeins Jóns svo að af hlaust lífshættulegt stungusár. Kolbeinn Jón var þegar fluttur á Slysadeild Borgarspítalans, meðvitundarlaus og með miklar innvortis blæðingar, þar sem læknum tókst að bjarga lífi hans með skurðaðgerð til að hefta frekari blæðingar m.a. frá sjálfri ósæðinni, sem skorist hafði í sundur, og með miklum blóðgjöfum.

Framanlýst atferli ákærða telst *aðallega* varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en *til vara* við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I.

Málavextir eru þeir að um kl. 00:37 aðfaranótt föstudagsins 13. apríl

sl. var haft samband við lögregluna í Reykjavík og tilkynnt um að maður hefði verið stunginn með hnífi og væri hann við Austurbæjarbíó. Lögregluþjónarnir Karl Hjartarson, Stefán Líndal Gíslason og Úlfar Konráð Jónsson óku að Austurbæjarbíói í lögreglubifreið og komu þar að í þann mund sem sjúkrabifreið var að fara þaðan. Þar voru fyrir piltarnir Ragnar Marel Georgsson, Tómasarhaga 49, Reykjavík og Nils Helgi Nilsson, Vesturgötu 26a, Reykjavík. Þeir kváðu féлага þeirra, Kolbein Jón Einarsson Blandon hafa verið stunginn með hnífi í kviðinn við skemmtistaðinn Traffic, Laugavegi 116. Eftir ábendingu piltanna var ákærði handtekinn skömmu síðar við fyrrnefndan skemmtistað og færður í fangageymslu. Við leit á honum fannst hnífur, sem hald var lagt á.

Kolbeinn Jón Einarsson Blandon var í skyndi fluttur á Borgarspítalann þar sem gerð var á honum skurðaðgerð. Í vottorði Jóhannesar Kr. Gunnarssonar skurðlæknis um áverkana á Kolbeini Jóni segir m.a.:

„Þann 13. apríl 1985 laust eftir miðnætti var komið með téðan sjúkl. á Slysadeild Borgarspítalans. Við komu var maður þessi mjög illa haldinn, sýnilega útblæddur og var ekki hægt að finna púlva né fannst nokkur mælanlegur blóðþrýstingur. Kolbeinn var því í verulegri lífshættu við komu. Hann var með stungusár á kvið, sem úr blæddi, vi. megin við nafla. Skurðsárið var ca. 1 cm á lengd og sýnilega eftir eggvopn.

Eftir vökvagjöf í æð og síðar blóð kom blóðþrýstingur nokkuð upp og var hann þá tekinn til aðgerðar þegar í stað. Í ljós kom, að allmikið ferskt blóð var í kviðarholi og einnig bak við lífhimnu aftur við hrygg, þar sem var gríðarlega mikið blóð. Nokkrar æðar, sem næra þarm, voru sundurskornar og einnig kom í ljós að gat var á sjálfri ósæðinni. Við þetta var gert. Eftir aðgerð heilsaðist sjúkl. vel og var ekki að finna að heilastarfsemi hefði skaddast þrátt fyrir þessa blóðrásartruflun. Hins vegar var sjúklingur andlega verulega beygður fyrstu dagana og bar mikið á hræðslu.

Ekki verður séð að áverki þessi komi til með að valda sjúkl. neinum varanlegum skaða líkamlega en hins vegar er óvísst um hvort þetta muni setja sálræn spor hjá þessum unga manni.“

Ákærði hefur skýrt frá því að hann hafi, að afloknum róðri, komið frá Grindavík til Reykjavíkur síðdegis föstudaginn 12. apríl sl. Hann hóf þá áfengisdrykkju. Um kl. 18 fór hann í heimsókn til kunningja síns, Einars Sverris Sandoz á Víðimel 39. Í för með honum var þá skipsfélagi hans. Hélt ákærði áfram drykkju þar. Telur hann, að þar hafi verið drukknaar tæpar tvær Kláravínsflöskur. Þegar húsráðandinn þurfti að bregða sér frá notaði ákærði tækifærið og tók traustataki fjaðurhníf sem lá þar á borði og ákærði hafði ágirnd á og hafði áður falað til kaups. Ekki hafði hann þá í huga að beita hnífnum gegn neinum.

Þegar Einar Sverrir kom aftur héldu þeir félagar á veitingastofuna Hauk

í horni þar á Melunum. Neytti ákærði þar meira áfengis í rúman klukku-tíma.

Að því loknu héldu þeir félagar með strætisvagni á Hlemm og kveðst ákærði hafa verið orðinn talsvert drukkinn þegar þangað kom. Hann varð þar viðskila við féлага sína og varð reikað einum sér yfir að skemmtistaðnum Traffic sem er þar skammt frá.

Ákærði hitti þar fyrir utan tvo eða þrjá pilta sem hann ekki þekkti. Eftir einhverjar orðahnippingar við einn þeirra tók ákærði hnífinn úr vasa sínum, opnaði hann og stakk piltinn viðstöðulaust í kviðinn. Ákærði man næst eftir sér í höndum lögreglu.

Ákærði kveðst ekki hafa, þegar hann stakk piltinn, gert sér grein fyrir því hversu hættulegar afleiðingar atлага hans gæti haft, enda þótt hann geri sér annars ljóst að hnífur geti verið hættulegt vopn. Fyrir honum hafi ekki vakað að svipta piltinn lífi, en hann getur enga skýringu gefið á verkinu.

Vitnið Kolbeinn Jón Einarsson hefur skýrt frá því, að föstudagskvöldið 12. apríl hafi það verið statt í miðbænum í Reykjavík með kunningjum sínum, Niels Hafsteinssyni og Ragnari Marel Georgssyni. Þaðan héldu þeir að Hlemmi þar sem Nils Helgi Nilsson, kunningi þeirra, slóst í hópinn. Vitnið hafði þá aðeins drukkíð einn bjór. Héldu þeir félagar að skemmtistaðnum Traffic. Þar vék sér að þeim piltur og fór að munnhöggvast við Nils Helga. Pilturinn vék sér næst að vitninu og sagðist vera sjómaður. Milli þeirra fóru nokkur orð um sjómennsku. Vitnið snéri sér síðan að kunningjum sínum og sagði að þeir skyldu gæta sín á piltinum, því hann væri sjómaður. Vitnið man næst, að það sá leðurklæddan handlegg leggja til sín og það fann fyrir hnífstungu. Vitnið gekk út á Snorrabraut, kallaði á féлага sína og bað þá ná í sjúkrabil. Vitnið megnaði að ganga spölkorn upp þá götu og vissi síðan ekki af sér fyrr en á spítala mörgum dögum síðar.

Vitnið telur að ákærði hafi verið greinilega ölvaður.

Vitnið kveðst ekki vera orðinn fullgóður ennþá. Einkum sæki að því taugaspenna og hræðsla við margmenni. Það kveðst finna fyrir verkjum í baki á móts við stungustaðinn.

Vitnið Niels Hafsteinsson hefur skýrt frá því, að það hafi þetta föstudagskvöld hitt Kolbein Jón Einarsson Blandon og Ragnar Marel Georgsson í Miðbænum. Vitnið hafði drukkíð eina áfengisblöndu þegar þeir félagarnir héldu að skemmtistaðnum Traffic. Vitnið fann ekki til áfengisáhrifa. Við Traffic hittu þeir Nils Helga Nilsson. Um kl. kortér fyrir eitt vatt sér að þeim ókunnur piltur, sem var drukkinn og urðu orðahnippingar með honum og Nils Helga. Sýndist vitninu hann vera að sækjast eftir átökum. Pilturinn snéri sér næst að Kolbeini Jóni. Vitnið heyrði piltinn segja Kolbeini Jóni að hann væri sjómaður. Kolbeinn Jón hafi þá snúið sér að

þeim félögum og sagt að þeir skyldu gæta sína á piltinum um leið og hann benti á piltinn. Vitnið sá næst að Kolbeinn Jón tók um magann á sér og heyrði sagt: „Hann sparkaði í magann á mér.“ Kolbeinn Jón hafi gengið vestur Laugavegin og haldið um magann. Hann hafi sagt þeim félögum að hann hefði verið stunginn og bað þá hringja á sjúkrabíl. Þeir Nils Helgi hlupu að Austurbæjarbíói til þess að hringja á sjúkrabíl sem kom skömmu síðar.

Vitnið Ragnar Marel Georgsson hefur greint frá því, að hann hafi ásamt þeim Kolbeini Jóni, Niels og Nils Helga komið að skemmtistaðnum Traffic um miðnætti. Þeir Kolbeinn Jón og Niels hafi verið búnir að neyta lítilsháttar af áfengi en voru þó ekki ölvaðir. Við innganginn hafi verið þvaga af ungu fólki. Þar hafi gefið sig að þeim piltur. Á milli hans og Kolbeins fóru einhver orð um sjómennsku. Kolbeinn Jón sagði að hann hefði verið til sjós og pilturinn sagðist vera sjómaður og breytti upp ermarnar á peysu sem hann var í. Kolbeinn setti þá höndina fyrir brjóst piltinum, snéri sér að þeim félögum og sagði þeim að gæta sín á piltinum, þar sem hann væri sjómaður. Pilturinn hafi þá þrifið í Kolbein Jón, snúið honum að sér og rekið hægri hönd í kvið honum. Virtist vitninu pilturinn slá hann í magann og sá vitnið hann beygja sig í keng og ganga svo á brott. Pilturinn þreif því næst í hálsmál vitnisins og hótaði að stinga vitnið líka.

Vitnið hljóp á eftir Kolbeini Jóni, sem gekk upp Snorrabraut, og studdi hann en þeir Niels og Nils Helgi höfðu hlaupið að Austurbæjarbíói til þess að hringja á sjúkrabíl, sem kom skjótt.

Vitnið Nils Helgi Nilsson hefur skýrt frá því að það hafi hitt þá Kolbein Jón, Niels og Ragnar Marel fyrir utan skemmtistaðinn Traffic. Þar hafi komið til þeirra piltur, sem hafi strax farið að munnhöggvast við vitnið. Þar næst hafi pilturinn snúið sér að Kolbeini Jóni og þeir hafi talað eitthvað saman. Vitnið fylgdist ekki með samræðum þeirra en heyrði þó að þær snérust um fraktskip og sjómennsku. Næst tók vitnið eftir því, að Kolbeinn Jón setti höndina fyrir brjóst piltinum og sagði við þá félagu að þeir skyldu gæta sín á honum, hann væri sjómaður. Pilturinn hafi þá þrifið í Kolbein Jón, snúið honum að sér og eins og slegið hann í magann. Kolbeinn Jón beygði sig í keng og greip um magann. Vitnið sá þá ákærða loka hníf, sem hann hélt á. Vitnið kveðst hafa hrópað upp að pilturinn hefði stungið Kolbein Jón. Vitnið hljóp á eftir Kolbeini Jóni sem var kominn út á hornið við Snorrabraut. Skjögraði hann síðan með þeim spólkorn upp Snorrabraut. Vitnið hljóp að Austurbæjarbíói og fékk að hringja á sjúkrabíl, sem kom eftir um 5 mínútur.

Vitnið Einar Sverrir Sandoz hefur skýrt frá því, að ákærði hafi komið í heimsókn til sín á Víðimel 39 síðdegis föstudaginn 12. apríl sl. ásamt öðrum pilti. Ákærði og pilturinn settust að drykkju heima hjá vitninu og

drukku ósleitilega. Telur vitnið að þeir hafi drukkið nærri tvær flöskur af sterku áfengi. Vitnið fór í sjúkravitjun um kvöldmatarleytið. Þegar vitnið kom aftur hóf það að neyta áfengis með gestunum. Um kvöldið fóru þeir allir á veitingastaðinn Hauk í horni sem er þar skammt frá og drukku þar allmargar kollur af sterku öli. Um k. 11:30 héldu þeir niður í miðbæ og varð vitnið þar vart við að ákærði hafði í fórum sínum fjaðurhníf vitnisins sem vitnið hafði keypt í Frakklandi í fyrrasumar.

Úr miðbænum var haldið á Hlemm og þaðan upp í spilasal sem er á hæðinni fyrir ofan skemmtistaðinn Traffic. Sá vitnið ákærða neyta áfengis þar inni en veit ekki hve mikils. Það segir ákærða hafa verið orðinn mjög drukkin þegar þeir fóru út úr spilasalnum. Eftir að út var komið man vitnið eftir að það sá ákærða híma undir húsvegg og hengja höfuðið. Vitnið varð síðan vart við eitthvert uppnám og man að lögreglumenn handtóku ákærða, en vissi þá ekki af hverju.

Vitnið hefur borið kennsl á hnífinn sem fannst í fórum ákærða.

Vitnið Karl Hjartarson lögregluþjónn kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína. Vitnið kvað ákærða hafa verið mjög ölvaðan og mótþróafullan þegar hann var handtekinn. Hann hafi þó verið ferðafær.

Vitnið Stefán Línal Gíslason lögregluþjónn hefur greint frá því að ákærði hafi verið bæði ölvaður og æstur þegar hann var handtekinn.

Vitnið Úlfar Konráð Jónsson lögregluþjónn sá ákærða fyrst eftir að búíð var að handtaka hann. Vitnið hefur skýrt frá því að ákærði hafi verið áberandi ölvaður.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans kl. 01:45 þessa nótt. Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði reyndist blóðsýnið innihalda 2,50% af alkóhóli.

Þvagsýni var einnig tekið úr ákærða kl. 01:50 í sama skyni og samkvæmt vottorði rannsóknarstofunnar reyndist það innihalda 3,3% alkóhóls.

Rannsóknarlögregla ríkisins lagði hald á fatnað Kolbeins Jóns til rannsóknar og framkvæmdi Bjarni Jóhann Bogason, rannsóknarlögreglumaður, hana. Hefur rannsóknarlögreglumaðurinn ritað skýrslur um rannsókn á fatnaðinum og staðfest þær hér fyrir dómi. Í skýrslu, dagsettri 13. apríl sl., segir:

Rannsóknarlögreglumaðurinn rannsakaði einnig fjaðurhnífinn, sem fannst í fórum ákærða þegar hann var handtekinn. Í skýrslu hans, sem hann hefur staðfest hér í dóminum, segir:

„*Lýsing á fjaðurhnífnum*: Hér er um að ræða vasa fjaðurhníf, hníf sem er brotinn saman, þ.e. blað hans fer að hálfu leyti inn í skeftið um öxul á enda skeftis og blaðs. Hifurinn vegur 62 grömm. Blað hans er merkt „B“ og undir því „ROSTFREI“.

Lengd samanbrotinn 10 cm.

Lengd opinn 17,7 cm.

Lengd blaðs 7,7 cm.

Blaðið er með egg annars vegar 6,3 cm frá oddi í átt að skefti. Blaðið bitur vel. Á skefti er hnappur. Þegar ýtt er á hnappinn skýst blaðið úr hlið skeftisins fram og læsist fast. Öryggi er við hlið hnappsins en það er bilað. Hnífurinn er brotinn saman með því að hreyfa annan hluta hjaltanna á hnífnum og losnar þá læsingin og hægt er að brjóta hnífinn saman.

Blóðprófun gerð á blaði hnífsins en það er hreint.

Blóðprófun jákvæð. Blóðprófunaraðferð sú sem notuð var er LEUCO—MALACHITE GREEN blóðprófunaraðferð, viðurkennd blóðprófunaraðferð. Hnífurinn var ljósmyndaður og fylgja ljósmyndir máli þessu.“

Kolbeinn Jón skýrði frá því hér í dóminum að hann fyndi enn til verkja í baki sem hann taldi stafa frá hnífsstungunni. Að tilhlutan dómsins gekkst hann undir læknisrannsókn vegna þessa.

Í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar skurðlæknis um skoðun á piltinum segir:

„Kolbeinn kom til skoðunar þann 5.9. '85. Kvartaði um bakverki sem komið hafa nú seinnipart sumars. Við skoðun var ekkert ath.vert að finna og verður að teljast með ólíkindum að þessi óþægindi séu afleiðingar slyssins. Sár eru öll vel gróin og sjúklingur hefur enginn óþægindi né einkenni frá kviðarholslíffærum.

Sjúklingur upplýsir sjálfur að atburður þessi liggi nokkuð á huga hans og samkv. upplýsingum móður virðist hann veigra sér við að fara út nema því aðeins að ferðast í bíl. Sjúkl. er boðin aðstoð hjá sálfræðingi eða geðlækni en aftekur sjúklingur það með öllu.

Ég treysti mér ekki til að meta hversu alvarleg eða djúpstæð áhrif slyss þetta hefur haft á sjúkl. og enn síður hvort þetta setji varanleg spor í sálarlíf hans. Til þess þarf sérfróðan mann.“

II.

Sannað er með játningu ákærða og vætti þeirra Kolbeins Jóns Einarssonar Blandons, Ragnars Marels Georgssonar, Nielsar Hafsteinssonar og Nils Helga Nilssonar að ákærði veittist að tilefnislausu að Kolbeini Jóni og stakk hann með hnífi í kviðinn. Ákærði tók hnífinn úr vasa sínum, opnaði hann og rak hann viðstöðulaust og af afli á hol Kolbeini Jóni. Ákærði braut síðan saman hnífinn og setti í vasa sinn. Samkvæmt vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar skurðlæknis skar hnífurinn í sundur nokkrar æðar í kviðarholinu og gerði gat á sjálfa ósæðina. Hlutust af gríðarlegar innvortis blæð-

ingar, svo miklar að pilturinn var útblæddur þegar hann komst undir lækni-
ishendur og í verulegri lífshættu. Atvikum er því rétt lýst í ákæru.

Ákærði hefur sagt að ekki hafi vakað fyrir sér að svipta Kolbein Jón lífi en hann hefur ekki getað gefið neina skýringu á því hvað fyrir honum hafi vakað með verknadnum og hann hefur sagt að þegar hann stakk pilt-
inn hafi hann ekki gert sér grein fyrir því hve alvarlegar afleiðingar atlagan gæti haft þótt hann segist annars gera sér grein fyrir því hve hættulegt vopn hnífur geti verið.

Enda þótt ekki verði litið svo á að fyrir ákærða hafi beinlínis vakað að svipta Kolbein Jón lífinu, hlaut honum að vera ljóst að langlíklegast var að pilturinn biði bana af atlögunni þótt svo giftusamlega tækist til að lífi hans var bjargað á síðustu stundu.

Ákærða ber því að refsa samkvæmt 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. al-
mennra hegningarlaga.

III.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn hjá Hannesi Péturssyni yfirlækni. Í ályktun yfirlæknisins segir:

„Að mínu áliti er Hilmar Þórir Ólafsson ekki haldinn formlegri geðveiki né heldur greindarskorti, þvert á móti telst hann vel greindur. Hins vegar tel ég að Hilmar sýni merki um skapgerðargalla auk misnotkunar á áfengi og lyfjum. Persónuleikatruflanir hans hafa m.a. lýst sér í atferlisvandkvæð-
um allt frá unglingsárum. Svo sem fram kemur hér að framan hefur lög-
reglan ítrekað haft afskipti af Hilmarí fyrir smávægileg afbrot, en auk þess er ljóst að skóla- og atvinnusókn hans hefur verið óregluleg. Skapgerðar-
bresta Hilmars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis. Minnisskerð-
ing sú sem Hilmar lýsir að því er varðar aðdraganda að því atviki sem hann sætir kæru fyrir er í samræmi við minnistruflanir sem koma í kjölfar mikillar áfengisneyslu á skömmum tíma. Af öðrum gögnum málsins virðist mega ráða að Hilmar og piltur sá sem varð fyrir hnífslaginu hafi átt einhver orðaskipti um sjómennsku. Þó líklegt megi teljast að dómgreind og sjálfs-
stjórn Hilmars hafi verið sljógvud vegna ölvunar þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Hilmars Þóris Ólafs-
sonar sé annars óskert og hann teljist því sakhæfur.“

IV.

Samkvæmt sakavottorði gekkst ákærði undir sektarrefsingu í sakadómi Suður-Múlasýslu, 8. júní 1982, fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 15. mars 1983 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum fyrir þjófnað.

Refsingu ákærða ber að ákveða, annars vegar með hliðsjón af alvarleika brotsins, því að hending ein ræði, að Kolbeinn Jón lét ekki líf sitt og að

árás ákærða var algerlega tilefnislaus, en hins vegar með hliðsjón af ungum aldri ákærða og því að hann gekkst greiðlega við broti sínu og hefur verið samvinnufús við rannsókn og meðferð málsins.

Telst hún hæfilega ákveðin 6 ára fangelsi.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. apríl sl. skal koma til frádráttar fangelsisrefsingunni.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000 og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 25.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Þórir Ólafsson, sæti fangelsi í 6 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. apríl 1985.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 25.000.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1986.

Nr. 194/1983. **Jónas Jónsson**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Steypustöðinni h.f.

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Samningar. Lausafjárkaup. Galli. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1983. Hann krefst þess að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnda 7.258,82 krónur með 47% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 20. september s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. októ-